

Nr. 40/1911: Eigendur Hrútafells með Hrútafellskoti  
 gegn  
 eigendum Skarðshlíðar og Drangshlíðar  
 með Drangshlíðardal.

D ó m u r:

Eigendur jarðanna Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu höfðuðu mál þetta gegn eigendum jarðanna Hrútafells með Hrútafellskoti í sama hreppi, út af ágreiningi um landamerki nefndra jarða, og var málið dæmt í merkjadómi sýslunnar 24. október 1910. En 28. nóv. s. á. afsalaði einn af sækjendunum, Vilborg Jónsdóttir á Steinum, eigandi  $\frac{1}{2}$  Drangshlíðardals, þessa eign sína að gjöf Lilju Hjartardóttur í Núpakoti, og var gjafabréfið þinglesið á manntalsþingi Austur-Eyjafjallahrepps 2 júní f. á.

Nú hafa áfrýjendurnir skotið merkjadómi þessum til yfirdómsins með stefnu dags. 18. sept. f. á. og stefnt eigendum Skarðshlíðar og Drangshlíðar með Drangshlíðardal, þeim er sóttu málið fyrir merkjadómi, en ekki hinum nýja eiganda að  $\frac{1}{2}$  Drangshlíðardal, Lilju Hjartardóttur. Með því að réttum aðilum málsins þannig er eigi öllum stefnt við áfrýjun þessa, verður eigi, svo löglegt sé, sbr. 13. gr. landamerkjálaga 17. marz 1882, dómur lagður á málið, eins og það liggur fyrir, og með því að eigi er heimild til gegn mótmælum stefnda að veita frest, sem áfrýjendur fara fram á, til að stefna Lilju Hjartardóttur, verður eigi hjá því komist, að vísa málinu frá yfirdóminum, og verða áfrýjendur samkvæmt því að greiða hinum stefndu eigendum Skarðshlíðar og

Drangshlíðar með Drangshlíðardal, eftir kröfu þeirra, málskostnað fyrir yfirdómi sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Áfrýjendurnir Þorsteinn Þorsteinsson, Tómas Tómasson, Brynjólfur Tómasson og Sigurður Ólafsson greiði stefndu Jóni Hjörleifssyni, Gissurri Jónssyni, Elínu Sigurðardóttur og Birni Edvard Jónassyni 15 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögnm.

Nr. 11/1912:

Hlutafélagið Gutenberg

gegn

Sturlu Jónssyni og Einari M. Jónassyni.

D ó m u r:

Í skuldamáli, sem hlutafélagið Gutenberg í Reykjavík höfðaði gegn Sturlu kaupmanni Jónssyni og yfirréttarmálaflutningsmanni Einari M. Jónassyni, báðum til heimilis í Reykjavík, gekk dómur í gestarétti Reykjavíkur 3. febr. þ. á., á þá leið, að stefndu Sturla Jónsson og Einar M. Jónasson voru dæmdir til þess að greiða hlutafélaginu Gutenberg 400 kr. ásamt 5% vöxtum af upphæðinni frá 1. nóvbr. 1911 til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað.